

Nd.

478. Nefndarálit

[82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum. Fékk n. á sinn fund til viðræðna um málið þá Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu og Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Veittu báðir þessir aðilar nefndinni ýmsar upplýsingar varðandi frv. í heild og einstakar greinar þess og svöruðu fyrirspurnum einstakra nefndarmanna.

Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali. HV og JSk áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. En tveir nefndarmanna (MB og SV) munu skila séráliti eða álitum.

Alþingi, 29. marz 1968.

Guðl. Gíslason,
form., frsm.

Bragi Sigurjónsson,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Jón Skaftason.

Hannibal Valdimarsson.